Foreldrafélag Smáraskóla
Kópavogi 27. janúar 2025

Áskorun til bæjarstjórnar Kópavogs

Á fundi stjórnar foreldrafélags Smáraskóla þann 22. janúar 2025 var samþykkt að senda eftirfarandi áskorun til bæjarstjórnar Kópavogs.

Um langt árabil hefur verið ljóst að nauðsynlegt sé að stækka við Smáraskóla. Áætlanir um stækkun skólans hafa verið til í mörg ár en því miður hefur ekkert orðið úr þeim áformum. Nemendum hefur fjölgað umfram getu skólans til að veita öllum börnum fyrsta flokks aðstöðu og menntun. Þetta er brýnt hagsmunamál og eflir samfélagið í heild.

Sérstaklega skal vekja athygli á að þröngt er í sal/matsal skólans. Eldunaraðstaða er lítil og óhentug, einungis er um móttökueldhús að ræða. Smáraskóli eini grunnskóli bæjarfélagsins þar sem matur er aðkeyptur en ekki eldaður á staðnum.

Foreldrafélag Smáraskóla sendir hér með formlega áskorun til bæjarstjórnar um að forgangsraða stækkun Smáraskóla þannig að hið góða starf sem fram fer í skólanum fái rými til að blómstra enn frekar.

Óskað er eftir skriflegu svari frá bæjarstjórn innan fjögurra vikna frá áskorun þessari. Í svarinu er óskað eftir því að fram komi m.a.:

a) Staða áætlunar um stækkun Smáraskóla
b) Staða hönnunarvinnu
c) Áætlun (ef nokkur) um upphaf og lok framkvæmda

Með ósk um góðar viðtökur,

f.h. foreldrafélags Smáraskóla
Kristján Haukur Flosason, formaður
Sími: 844 5474 - Netfang: kristjan.haukur@gmail.com

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026